

SKÝRSLA STJÓRNAR BTÍ

1976 - 1977

Borðtennisdeild
BH, Hafnarfjörður

Síðasta ársþing BTÍ var haldið 27. nóv. 1976 í Félagsheimili Kópavogs. Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri i.s.f., var fundarstjóri, en fundarritari Ásta Urbancic.

Á þinginu fóru fram öll almenn þingstörf og síðan voru kosningar í stjórn og formannsstöðu. Kosning fór þannig:

Formaður. Gunnar Jóhannsson.

Meðstj. Ragnar Ragnarsson, varaformaður,
Sólveig Sveinbjörnsdóttir, ritari,
Gunnar Jónasson, gjaldkeri,
Stefán Konráðsson, meðstj.

Í varastj. Ásta Urbancic,
Tómas Guðjónsson,
Kristján Karlsson.

Endurskoðendur: Sigurður Hall og Alexander Árnason.

Til vara: Ólafur H. Ólafsson og Jón Kr. Jónsson.

Borðtennisdómstóll: Sveinn Áki Lúðvíksson, Pétur Ingimundarson,
Birkir Þ. Gunnarsson.

Til vara: Magnús Eiríksson, Gunnar Jónasson og Ragnar Ragnarsson.

Mótanefnd: Aðalsteinn Eiríksson, Jón Kr. Jónsson, Sólveig Sveina
Sveinbjörnsdóttir, Hilmar Konráðsson, Alexander Árnason
og Stefán Konráðsson.

Stjórnin skipaði í þær fulltrúastöður sem henni er falið að velja menn í.

Elaðáfulltrúi: Sigurður Guðmundsson.

Útbreiðslufulltrúi: Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir.

Landsliðsfulltrúi: Stjórnin sá að mestu um mál varðandi landsliðið,
en Birkir Þ. Gunnarsson vann einnig mikið að
þeim málum.

Á árinu var mikið um mót og gengu þau öll mjög vel fyrir sig. Punktumótin voru í umsjá einstakra félaga og var öll stjórn þar til fyrirmyndar. Íslandsmót var í umsjá mótanefndar. Flokkakeppnin var hörð að vanda, en framkvæmd ekki eins góð og æskilegt hefði verið.

Einstaklingsmótið var hins vegar mjög vel skipulagt, en sökum þess hve það var á óheppilegum tíma, voru þáttakendur ekki eins margir og búist hafði verið við.

Frændur okkar Færeyingar heimsóttu okkur í febrúar og léku við okkur landsleik, auk þess sem þeir tóku þátt í opnu punktamóti á Akranesi. Íslenska liðið sigraði örugglega í landskeppninni, en í opna mótinu stóðu Færeyingar sig aftur á móti vel.

Heimsmeistararnót í borðtennis var haldið í Birmingham, 26/3 - 5/4 1977. Hérán fór 11 manna hópur. Keppendur voru 5 karlar og 2 konur, fararstjórar voru 3 og Sigurður Guðmundsson var einnig með í ferðinni. Ekki sóttu keppendur nein verðlaun á mótinu, reyndar varð karlaliðið síðast í keppninni en kvennaliðið næst síðast. Þrátt fyrir tap, var frammistaðan góð og mikil reynsla fékkst. Gunnar Jóhannsson og Gunnar Jónsson sátu þing Alþjóðasambandsins, sem stóð í tvo daga.

Um sumarið lá starfsemi BTÍ að mestu niðri, en fundir voru haldnir í hverjum mánuði.

Í október fór NM fram í Stokkhólmi og fór keppnislið frá Íslandi. Aðeins var sent karlalið að þessu sinni því fjárhagur sambandsins leyfði ekki annað. Fararstjóri var Gunnar Jóhannsson. Liðið lenti að vanda í síðasta sæti. Þing norræna borðtennissambandsins var haldið 7. október og eitt aðalmálið þar, var sameiginleg ferð allra norðurlandanna á næsta heimsmeistararnót í Kóreu.

KR-ingar tóku þátt í Evrópukeppni meistarliða og léku gegn dönsku meisturunum Virum frá Kaupmannahöfn 15. október og fór leikurinn fram í Kaupmannahöfn.

BTÍ hélt upp á 5 ára afmæli sitt um síðustu helgi á mjög veglegan hátt. Haldið var nikið afmælimót og voru tveir útlendingar meðal keppenda. Kjellí Johansson frá Svíþjóð og Michel Grönstein frá Finnlandi. Alls voru 16 keppendur í mótinu og var leikinn tvöfaldur útsláttur. Kona Kjellí Johanssonar er mesti viðburður á borðtennissviðinu á árinu. Vonast stjórn BTÍ eftir því að þessi þeimnaðkn yrði mikil lyftistöng fyrir borðtennis í landinu. Ekki varð hún eins mikil og vonast hafði verið til, en samt hafði hún góð áhrif.

Í mars s.l. gekkst BTÍ fyrir framhaldsskólamóti í borðtennis. Í þessu fyrsta móti tóku sex skólar þátt og bar lið ME sigur úr bitum. Í því voru Gunnar Finnbjörnsson og Hjálmar Aðalsteinsson. Í öðru sæti varð lið MK. en þar kepptu Stefán Konráðsson og Brynjólfur Þórisson. Mótið var skipulagt með mjög stuttum fyrirvara og ef lengri tími er til stefnu, ætti að vera hægt að fá fleiri skóla til að taka þátt í mótinu. Keppt var eftir Corbillion-kerfi.

Fyrirtakja- og stofnanakeppni BTÍ var hleypt af stokkunum s.l. vor. Í fyrsta mótinu tóku þátt 25 fyrirtaki eða stofnanir og heppnaðist mótið vel. Lið Bergiðjunnar sigraði, í öðru sæti varð lið Husgagnavals, en A & B lið Landsspítalans urðu í 3 - 4 sæti. O. Johnson og Kaaber studdi sambandið mikið í sambandi við keppnina, lánaði m.a. húsnæði og borð og gaf einnig veglega bikara.

Gunnar Jóhannsson (sign.)

Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir (sign)

NORÐURLANDAMÓT 7-9 OKTÓBER 1977.

Að þessu sinni var mótið haldið í Svíþjóð, nánar tiltekið Jakobsbergs Sportshall í Stokkhólmi. Allar Norðurlandþjóðirnar tóku þátt í mótinu að undanskildum Færeyingum, því miður.

Fyrir hönd Íslands kepptu: Fyrirliði: Ragnar Ragnarsson, Örninn Stefán Konráðsson, Gerplu, Tómas Guðjónsson, KR og Hjálmar Hafsteinsson, KR. Til stóð að Gunnar Finnþjórnsson Erninum, fari einnig en hann varð að hætta við á síðust stundu. Kristján Magnússon, KR, fór einnig og keppti hann í opna mótinu. Fararstjóri og fulltrúi á borðtennisþing Norðurlanda var Gunnar Jóhannsson. Jón Kr. Jónsson var einnig með í ferðinni, en hann var fararstjóri KR-inganna þriggja sem viku seinna kepptu í Evrópukeppni félagsliða í Kaupmannahöfn.

Úrslit urðu eins og við var að búast. Svíar sigruðu í öllum flokkum með yfirburðum, nema gegn finnsku stúlkunum. Í telpnaflokki unnu Finnar Svía 3:0 og í unglingsflokki kvenna unnu Svíar Finna mjög nauðlega 3:2 í þessum flokkum munar mest um Finnsku Grefberg systurnar.

Í einstaklingskeppninni var sama upp á teningnum. Svíar röðuðu sér í flest efstu sætin og voru það helst Grefberg systurnar sem gerðu Svíum lífið leit.

Norðurlandameistari að þessu sinni varð Svíinn Ulf Thorsell. Í öðru sæti varð óvænt ungur sanskur varnarleikmaður Ulf Cronqvist, eftir að hafa slegið úr keppninni í undanúrslitum þáverandi Norðurlandameistara Rodger Lagarfelt.

Af frammistöðu Íslendinga í mótinu er skemmt frá því að segja að þeir töpuðu öllum sínum leikjum og það vannst aðeins ein lota. Í tvíliðaleik lék Stefán Konráðsson með Norðmanninum Rune Bredesen og unnu þeir eina lotu.

Fyrir mótið var gert ráð fyrir að Íslendingar gætu helst veitt Norðmönnum keppni, en það hafði tekist í Helsingi tveimur árum áður. Norðmenn hafa aftur á móti tekið gáfurlegum framförum eins og sést best á því að þeir unnu Finna í flokkakeppninni.

Geta mátti þess að undirbúningur íslenska liðsins var lítill enda keppnistímabilið ekki hafið, en sama má segja um hinar þjóðirnar. Svo virðist þó að þrátt fyrir untalsverðar framfarir í íslenskum borðtennis undanfarin ár virðist hann hafa dregist aftur úr borðtennis á Norðurlöndunum, ef Færeyjar eru ekki taldar með.

Reykjavík 14.11. 1977

Ragnar Ragnarsson

LANDSKEPPNI GEGN FAREYINGUM.

Laugardaginn 11. febrúar 1977, sóttu Fareyingar okkur heim í annað sinn. Höfðum við farið halloka gegn þeim í fyrra skiptið og höfðum því fullan hug á að jafna metin á heimavelli.

Keppnin gekk vorum framar og að leikslokum varð staðan 25-2 í karla-flokki og 17-1 í unglingsflokki. Eftir keppnina kvörtuðu Fareyingar eins og áður undan hinum miklu "skrúfuboltum" Íslendinga, en svo kalla þeir snúningsbolta.

Landslið Íslands skipuðu í þetta sinn: Fyrirliði Ragnar Ragnarsson, Örninn, Gunnar Finnbjörnsson, Örninn, Hjálmar Abalsteinsson, KR, Stefán Konráðsson Gerplu og Djörgvin Jóhannesson Gerplu.

Unglingar: Hjálmar Hafsteinsson KR, Tómas Guðjónsson KR, Sveinbjörn Árnason, Örninn.

Sveinar: Þorvaldur B. Jónsson, Örninn og Gylfi Pálsson UMFK.

Til fróðleiks fylgja hér úrslit landsleikja gegn Fareyingum.

Vorið 1973	Ísl.-Fareyjar	18 - 11	Dvereyri
Haustið 1973	Ísl.-Fareyjar	15 - 19	Reykjavík
Haustið 1974	Ísl.-Fareyjar	25 - 3	Þórshöfn
Haustið 1975	Ísl.-Fareyjar	5 - 0	Helsingi
Vorið 1975	Ísl.-Fareyjar	25 - 2	Reykjavík.

Daginn eftir landsleikinn var haldið opið mót með þátttöku Fareyinga í hinu glæsilega íþróttahúsi uppi á Skipaskaga. Þátttaka var mjög góð og er þetta eitt fjölmennasta mót sem haldið hefur verið hérlandis. Keppt var í tveimur flokkum. Í efri flokknum ræðu Íslendingar sér í öll efstu sætin. Til úrslita léku Stefán Konráðsson og Gunnar Finnbjörnsson. Væðing þeirra var gífurlega spennandi og lauk með naumum sigri Gunnars. Einn besti úrslitaleikur um árabíl. Í þriðja til fjórða sæti urðu Hjálmar Hafsteinsson og Ragnar Ragnarsson.

Í neðri flokknum snéru fareysku unglingsmennirnir dæminu við. Náðu þeir 3 af 4 efstu sætum. Sigurvegari var Gylfi Pálsson, UMFK, sem sigraði Roland Sørensen í úrslitum. Í 3-4 sæti urðu Ragnar Olsen og Vilmundur Jakobsen.

Um kvöldið var Fareyngunum haldið lokahóf á Hótel Loftleiðum. Voru þar haldnar þakkaræður, skipst á gjöfun og síðan dansað fram eftir nóttu. Morguninn eftir héldu Fareyingar heim.

SKÓGRÆKTARFERÐ.

Einbeittin skein úr augum Gunnars Jóhannssonar. Jonyer, Bengtson, Lao Tse Ping og Ling Pang Pong skulfu á beinunum. Ísland hafði tilkynnt þátttöku í heimsmeistararnóti borðtennismanna í fyrsta sinn.

Við þessi tíðindi krafðist borgarstjórinn í Birmingham í Englandi þess að breska ríkisstjórnin kallaði togara sína umsvifalaust út úr ísl. landhelgi til þess að tryggja frið í borginni og stuðla að því að þjóðir heimsins mattu a.m.k. virða Stefán Konráðsson fyrir sér. Þar sem Noregur var í riðli með Íslendingum tók utanríkisráðherra Norðmanna málið í sínar hendur og þröngvaði Bretum, sem voru í allt öðrum riðli, til samninga-fundar í Oslo með alkunnum og algjörum sigri Íslendinga, þ.e.a.s. í land-helgismálinu.

Fyrirliði íslenska liðsins taldi það sjálfsagða kurteisni að tapa stórt fyrir Norðmönnum í þakklætisskyni og var svo gert. Politík og íþróttir verða jú ekki aðskilin.

Að uppteknu stjórnmalasanbandi gátu þeir Gunnar Formaður og Gunnar framþjóðandi tekið að magna seið og töfra fram peninga til farar-innar. Ásta, Bergþóra og Ragnar frá Erninum Hjálmtýr og Hjálmar frá KR Stefán og Björgvin frá Gerplu skipuðu hinn fríða keppnishóp. Sigga "blaða" og undirrituðum tókst með frekju að troða sér með enda gerðu þeir ekkert í ferðinni nema að senda vondar fréttir eða leita sér að almennilegum skóm. Eru þeir þar með réttilega úr sögunni.

Hinn 25. mars 1977 var komið til Birmingham eftir greiða för nema einhverjir menn voru alltaf að leita að sprengjum í dóti Hjálmtýs, sem er manna illmannlegastur eins og allir vita, einkum í framan.

John "liason officer" tók á móti okkur. Hann var poppelsk lögga, mjög hændur að þeim hluta norræna kynstofnsins sem ber nafn eiginkonu Njáls á Bergþórshvoli.

Skemmst er frá því að segja að móttökur allar, skipulag, aðbúnaður, matur og húsnæði var með stökum ágangum. Þó verður að segja það eins og er, einhverjir óvinir íslensku þjóðarinnar höfðu komið fyrir þar fyrir framan svefnherbergi liðsins í fzeistingarskyni en til allrar hamingju reyndust menn hafa miklu meiri áhuga á fótboltaspilinu, billjardinum og litsjónvarpinu.

Með einhverjum dularfullum hatti tókst þó barþjófinum að komast yfir eintak af borðfána íslenska borðtennissambandsins. Formaðurinn liggur undir grun en hefur ekki enn fengist til að játa.

Keppnin sjálf var haldin í húsnáknnum National Exhibition Centre

sem ekki verða annað kölluð en risavaxin. Til marks um ósköpin er sú staðreynd að hvorki Hjalli né Bjöggi tóku einu sinni eftir því að Abdulla Al Saba emír, kom með allt kvennabúr sitt, 40 segi og skrifa fjörutíu leikmeyjar á léttasta skeiði, til að skoða tískusýningu í hinum endanum hvað þá heldur að þær ættu hendur sínar að verja eins og diskodísirnar í London - eða var það Birmingham.

Það var eins gott því að nú fóru í hönd 11 dagar af borðtennis. Meira að segja mótanefnd BTÍ sem kallar þó ekki allt ömmu sína skilur ekki í því hvernig hægt var að láta hvern einasta borðtennisleikara 50 þjóða hafa nóg að gera alla dagana nema einn. Það var flokkakeppni karla og kvenna, það var einliðaleikur, tvíliðaleikur karla, tvenndarkeppni og tvíliðaleikur kvenna. Dag eftir dag glumdi kúlan á 24 keppnisborðum og hver veit hvað mörgum hektörum af æfingaborðum. Þeir sem þá voru ekki búnir að fá nóg fóru í huggunarkeppnina. Það var varla nokkur tími til að æfa sig í að villast niðri í Bull Ring Centre og kaupa nærbuxur á sína(r) heittelskuðu heima í kuldanum.

Íslenska liðið stóð sig ekki vel en því verður ekki á móti mált að hvað kunnáttu snertir átti liðið vel heima með þó nokkrum hópi þjóða bæði í karla og kvennaflokki. Það var einungis skortur á góðri tilsögn að ekki unnust leikir á móti þjóðum eins og Kýpur, Túnis og Bangladesh í karlaflokki eða Equador og Guernsey í kvennaflokki en í öllum þessum leikjum unnust nokkrar lotur en hinar töpuðust margar í fram- lengingu. Þess var ekki að vænta að sigrar innust gegn þjóðum sem þranna undir heraga milli bíls og húss í fylgd tuga nuddara, lækna og þjálfara. Hitt var ekki nema réttmætt að þeir keppendur sem mest hafa á sig lagt í íþróttinni á Íslandi fengju að kynna þvi sem best er gert í borðtennis í heiminum. Fyrirhöfn stjórnar BTÍ var því vel varið að minni hyggju og keppendur eru henni þakklátir fyrir framtakið auk þeirra sem voru úr sögunni.

Margan daginn voru þeir Gunnar og Gunnar önnum kafnir við að þinga um málefni borðtennisíþróttarinnar í heiminum ásamt öðrum fyrir- mönnum en það sem þeir hlökuðu mest til og töluðu hlýlegast um að mig minnir var "the tree planting ceremony" þar sem hvers lands fulltrúar voru látnir keppast við að gróðursetja tré fyrir sitt land. Þess vegna heitir greinin "Skógræktarferð" og þar gerum við a.m.k. jafntefli.

The first thing I noticed when I stepped out of the car was the smell of fresh air. It was a relief after being stuck in traffic for hours. I looked around and saw a beautiful landscape with rolling hills and a few scattered houses. The sun was shining brightly, and the temperature was just what I needed. I took a deep breath and felt a sense of peace wash over me. I had finally reached my destination, and it was exactly what I needed. I walked towards the house, feeling a sense of accomplishment. The house was a simple, two-story building with a white picket fence. I unlocked the door and stepped inside. The interior was warm and inviting, with a fireplace and a large window. I sat on the sofa and looked out at the view. It was a perfect day, and I was finally home.